

Samstarfssamningur Tollstjóra og Matvælastofnunar

Markmið og tilgangur

Tilgangur þessa samstarfssamnings er að efla og styrkja samstarf Tollstjóra og Matvælastofnunar vegna eftirlits með inn- og útflutningi dýraafurða, lifandi dýra, matvæla, plantna og skyldra afurða. Tollyfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og stofnunum er samkvæmt tollalögum ætlað að hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast tollheimtu og tolleftirliti, svo sem upplýsingagjöf og forvarnir. Jafnframt er Matvælastofnun ætlað að tryggja náð samstarf stofnana sem eiga þátt í eftirliti með afurðum frá þriðju löndum. Samstarfssamningur þessi er nánari útfærsla á áður nefndum verkefnum Tollstjóra og Matvælastofnunar.

Miðlun upplýsinga og upplýsingatæknimál

Tollstjóri og Matvælastofnun skulu hafa með sér nauðsynlegt samráð milli stofnana og skiptast á upplýsingum sem skipt geta starfsemi viðkomandi stofnunar máli og nýst geta við uppljóstrun brota á tollalöggjöf eða þeirri löggjöf er Matvælastofnun framfylgir.

Tollstjóri og Matvælastofnun skulu leitast við að hafa að leiðarljósi í upplýsingatæknimálum að rafræn upplýsingaskipti milli stofnana verði augin eftir því sem við getur átt og leitast verði við að auka möguleika hagsmunaaðila á því að senda staðlaðar upplýsingar sem tengjast báðum stofnunum í gegnum eina gátt með rafrænum hætti. Fram að því skal Tollstjóri veita Matvælastofnun aðgang að farmskrá flutningsfara samkvæmt beiðni hverju sinni eftir því sem hægt er og heimildir standa til.

Samstarf á vettvangi og sameiginleg eftirlitsverkefni

Ef upp koma þær aðstæður á vettvangi að aðstoðar er þörf skulu samstarfsaðilar veita hvor öðrum nauðsynlega aðstoð eftir því sem unnt er hverju sinni. Tollstjóri og Matvælastofnun geta ákveðið sameiginleg eftirlitsverkefni í þeim tilvikum þar sem búnaður eða sérþekking beggja aðila getur leitt til aukins árangurs eða verkefni liggja saman að öðru leyti.

Kostnaður vegna mála er koma upp á grundvelli samstarfssamningsins

Tollstjóri ber allan kostnað af hefðbundnu tolleftirliti með inn- og útflutningi á dýraafurðum. Matvælastofnun ber allan kostnað af eftirliti umfram það. Með hefðbundnu eftirliti er m.a. átt við eftirlit með farmskrám m.t.t. til rafrænna sía í tollakerfinu.

Námskeið og þjálfun

Tollstjóri og Matvælastofnun standi sameiginlega að námskeiðum til að auka færni tollvarða við að stöðva ólöglegan inn- og útflutning á afurðum og lifandi dýrum er samkomulag þetta nær til. Á námskeiðunum skal tollvörðum einnig gerð grein fyrir mikilvægi þessa málaflokks og þeirrar áhættu sem ólöglegur innflutningur getur haft fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra í landinu.

Gildistaka

Samningurinn öðlast gildi við undirritun.

Reykjavík 18. nóvember 2011

Snorri Olsen
tollstjóri

Jón Gíslason
Forstjóri Matvælastofnunar